

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti 17. janúar 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi Kirkjubóls á Bæjarnesi. Í breytingunni felst að lóðin Engjavogur, lóð 23, er skipt upp í tvær lóðir, sem verða Engjavogur lóð 23 og lóð 23A. Að öðru leyti haldast skilmálar gildandi deiliskipulags. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 14. maí 2024,

Hlynur Torfi Torfason skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 29. maí 2024